



## Barnaverndarstofa

Greining á tölulegum upplýsingum frá barnaverndarnefndum.


20. ágúst 2020

Barnaverndarstofa hefur greint tölur sem borist hafa frá barnaverndarnefndum vegna tilkynninga sem bárust í júní og júlí 2020 og borið þær saman við tölur í maí 2020 og tölur frá 1. janúar 2019 til og með 29. febrúar 2020. Tilgangur greiningarinnar er að leggja mat á hvort og þá hvaða áhrif COVID-19 faraldurinn hefur haft á tilkynningar til barnaverndarnefnda. Sambærilegar greiningar voru einnig gerðar vegna mars- apríl og maímánaða 2020.

Allar tölur sem fjallað er um hér að neðan má finna í sérstöku skjali sem er meðfylgjandi.

### Fjöldi tilkynninga

Í júní 2020 bárust alls 1.088 tilkynningar og í júlí 902 tilkynningar til barnaverndarnefnda sem er fækkun úr 1.243 tilkynningum í maímánuði 2020. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 1.135 tilkynningar og minnst 810 tilkynningar á einum mánuði og er meðaltal tilkynninga á umræddu tímabili 955. Fjöldi tilkynninga í júní 2020 var yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020, en tilkynningar í júlí 2020 undir meðaltali. Báðir mánuðirnir eru innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða. Tilkynningar í júní 2020 voru 16,9% fleiri en í sama mánuði á árinu 2019, en tilkynningar í júlí 0,6% fleiri en í sama mánuði á árinu 2019.




## Fjöldi tilkynninga gegnum 112

Þegar skoðaðar eru tilkynningar sem bárust gegnum 112 þá bárust í júní 2020 alls 103 tilkynningar og í júlí 2020 alls 92 tilkynningar til nefnda gegnum neyðarnúmerið. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 99 tilkynningar og minnst 46 tilkynningar frá 112 í einum mánuði og er meðaltal tilkynninga sem bárust frá 112 á umræddu tímabili 80.

Fjöldi tilkynninga í bæði júní og júlí 2020 eru því yfir meðaltali miðað við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020. Í júní eru þær fleiri en þegar þær voru flestar á umræddu tímabili en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða í júlí. Ef tekið er tímabilið frá 1. mars 2020 bárust eingöngu fleiri tilkynningar í gegnum 112 í apríl s.l., en þá barst 141 tilkynning gegnum 112.

Þegar skoðaður er fjöldi tilkynninga til: 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð, má sjá að fjöldi tilkynninga gegnum 112 er alls staðar yfir meðaltali í júní 2020. Í júlí 2020 eru þær yfir meðaltali í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu en aðeins undir meðaltali á landsbyggð.



## Fjöldi tilkynninga þar sem tilkynnandi telur barn vera í yfirvofandi hættu


Í júní 2020 bárust alls 57 tilkynningar og í júlí 73 tilkynningar til barnaverndarnefnda þar sem tilkynnandi telur barn vera í yfirvofandi hættu, það er fækkun frá maímánuði, en þá voru tilkynningarnar 92.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 74 tilkynning tilkynningar og minnst 41 tilkynning á einum mánuði þar sem tilkynnandi telur barn í yfirvofandi hættu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 56.

Fjöldi slíkra tilkynninga í júní og júlí 2020 er innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða miðað við samanburðartímabilið.

Þegar greindar eru tölur um bráðatilkynningar fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að bráðatilkynningar til barnaverndar Reykjavíkur og höfuborgarsvæðis í júní og júlí 2020 eru yfir meðaltali miðað við tímabilið

janúar 2019 – febrúar 2020 en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða. Bráðatilkynningar til nefnda á landsbyggð eru undir meðaltali í júní 2020 en yfir meðaltali í júlí 2020 miðað við samanburðartímabilið, en eru innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.



### Fjöldi barna sem tilkynnt er um


Í júní 2020 bárust tilkynningar um alls 884 börn og í júlí bárust tilkynningar um 686 börn. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest tilkynningar um 874 og minnst 622 börn á einum mánuði og er meðaltal barna sem tilkynnt er um á umræddu tímabili 764.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um í júní er því nokkuð yfir meðaltali og ekki hafa áður borist tilkynningar um jafn mörg börn í einum mánuði ef borið er saman við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020. Hins vegar bárust tilkynningar um fleiri börn í maí s.l. Í júlí er fjöldi barna sem tilkynnt var um undir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar skoðaður er fjöldi barna sem tilkynnt er um til: 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð má sjá að í júní 2020 er fjöldi barna yfir meðaltali á öllum svæðum, í Reykjavík og á landsbyggð var fjöldi barna innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða, en á höfuðborgarsvæðinu var fjöldi barna hærri en áður hefur verið á því tímabili sem samanburðurinn tekur til.

Í júlí 2020 er fjöldi barna í Reykjavík undir meðaltali og lægri en áður hefur verið á því tímabili sem samanburðurinn tekur til. Á höfuðborgarsvæðinu er fjöldi barna rétt yfir meðaltali en innan

Þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða og á landsbyggð er fjöldi barna undir meðaltali en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.




## Hverjir tilkynna

### Barn

Í júní 2020 bárust þrjár tilkynningar til barnaverndarnefnda þar sem barn hefur samband en í júlí 2020 sex tilkynningar. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 9 tilkynningar og minnst engin tilkynning á einum mánuði frá barninu sjálfu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 5.

Fjöldi tilkynninga í júní 2020 frá barni sjálfu er því undir meðaltali í samanburði við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020, en yfir meðaltali í júlí, en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða. Flestar voru tilkynningar frá barni í mars 2020, eða 17 tilkynningar.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tölur í júní eru innan hefðbundinna sveiflna í Reykjavík, á höfuðborgarsvæði og landsbyggð. Í júlí er fjöldi í Reykjavík og landsbyggð innan hefðbundinnar sveiflu en á höfuðborgarsvæðinu eru tilkynningar einni fleiri en þegar þær voru flestar á samanburðartímabili.




### Foreldrar

Í júní 2020 bárust alls 54 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá foreldrum barns en í júlí voru slíkar tilkynningar alls 83. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 86 tilkynningar og minnst 52 tilkynningar á einum mánuði frá foreldrum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 66.

Fjöldi tilkynninga í júní 2020 frá foreldrum barns eru því undir meðaltali og nánast jafn margar og lægsta gildi á því tímabili sem notað er til samanburðar. Fjöldi tilkynninga í júlí 2020 frá foreldrum barns eru yfir meðaltali og nánast jafn margar og hæsta gildi á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020. Fleiri tilkynningar bárust frá foreldrum í mars 2020 eða 93 tilkynningar.

Þegar skoðaðar eru tölur í júní fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tölur í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu eru undir meðaltali en á landsbyggð yfir meðaltali. Í júlí 2020 eru tilkynningar alls staðar yfir meðaltali miðað við samanburðartímabilið. Fjöldinn í bæði júní og júlí er innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.




#### Skóli

Í júní 2020 bárust alls 96 tilkynning til barnaverndarnefnda frá skólum, en þær voru 21 í júlí 2020. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 221 tilkynning og minnst 14 tilkynningar á einum mánuði frá skólum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 140.

Fjöldi tilkynninga í júní og júlí 2020 frá skólum eru því undir meðaltali í samanburði við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020 en innan þeirrar sveiflu sem getur verið á milli mánaða. Það sama á við þegar fjöldi tilkynninga er skoðaður fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð.

Mikilvægt er að hafa í huga að tilkynningum frá skólum fækkar almennt verulega þá mánuði sem skólahald liggur niðri og fjöldi tilkynninga á mánuði yfir sumartímann eru því iðulega undir meðaltali.




#### Leikskóli/dagforeldri

Í júní 2020 bárust alls 42 tilkynning til barnaverndarnefnda frá leikskólum/dagforeldrum og í júlí voru tilkynningarnar 23. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 31 tilkynning og minnst 10 tilkynningar á einum mánuði frá leikskólum/dagforeldrum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 19.

Fjöldi tilkynninga í júní og júlí 2020 frá leikskólum/dagforeldrum er því hærri en að meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 og er fjöldi tilkynninga í júní hærri en áður hefur borist í einum mánuði á því tímabili sem hér er til samanburðar.

Þegar skoðaðar eru tölur í júní 2020 fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að fjöldi tilkynninga er yfir meðaltali í Reykjavík og á landsbyggð en undir meðaltali á höfuðborgarsvæðinu. Á höfuðborgarsvæðinu er fjöldi tilkynninga innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða, en í Reykjavík og á landsbyggð hafa ekki borist fleiri tilkynningar í einum mánuði á því tímabili sem hér er til samanburðar. Í júlí er fjöldi tilkynninga á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð undir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða. Í Reykjavík er fjöldi tilkynninga yfir meðaltali og nánast jafn margar tilkynningar og í júní þegar þær voru flestar.

Mikilvægt er að hafa í huga að tilkynningum frá leikskólum/dagforeldrum fækkar almennt verulega yfir sumarmánuði og fjöldi tilkynninga á mánuði yfir sumartímenn eru því iðulega undir meðaltali.



### Nágrannar


Í júní 2020 bárust alls 82 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá nágrönnum og í júlí 2020 barst 91 tilkynning. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 80 tilkynningar og minnst 48 tilkynningar á einum mánuði frá nágrönnum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 65.

Fjöldi tilkynninga í júní og júlí 2020 frá nágrönnum eru því fleiri en berast nefndum að meðaltali í hverjum mánuði og eru tilkynningar fleiri en þegar flestar tilkynningar bárust í einum mánuði á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020. Hins vegar voru tilkynningar frá nágrönnum í mars, apríl og maí 2020 fleiri en í júní og júlí 2020.

Þegar skoðaðar eru tölur í júní 2020 fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að í Reykjavík er fjöldi tilkynninga rétt undir meðaltali miðað við samanburðartímabil, en á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð yfir meðaltali. Fjöldi í Reykjavík og landsbyggð er innan þeirrar sveiflu sem getur verið á milli mánaða en á höfuðborgarsvæðinu hafa ekki borist fleiri tilkynningar í einum mánuði ef borið er saman við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020. Hins vegar bárust fleiri tilkynningar í apríl 2020, en þá barst 31 tilkynning frá nágranna. Í júlí er fjöldi tilkynninga í Reykjavík og á landsbyggð yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 og er fjöldi tilkynninga í Reykjavík hærri en þegar flestar tilkynningar bárust í einum mánuði á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020. Hinsvegar bárust fleiri tilkynningar í Reykjavík frá nágrönnum í maí 2020 eða 81 tilkynning.



Á höfuðborgarsvæðinu var fjöldi tilkynninga í júlí undir meðaltali en innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.




### Ættingjar

Í júní 2020 bárust alls 38 tilkynning til barnaverndarnefnda frá ættingjum, en í júlí 87 tilkynningar. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 70 tilkynningar og minnst 28 tilkynningar á einum mánuði frá nágrönnum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 46.

Fjöldi tilkynninga í júní 2020 er því undir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða. Fjöldi tilkynninga í júlí 2020 er yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 og ekki hafa borist fleiri tilkynningar frá ættingjum í einum mánuði á því tímabili sem hér er til samanburðar.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar í júní frá ættingjum eru undir meðaltali miðað við samanburðartímabi í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggð er fjöldinn sá sami og að meðaltali. Allar tölurnar eru innan þeirra sveiflu sem getur verið á milli mánaða. Í júlí eru fjöldi tilkynninga frá ættingjum yfir meðaltali í Reykjavík og á landsbyggð en á höfuðborgarsvæðinu er fjöldinn sá sami og að meðaltali. Í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu en fjöldi tilkynninga innan þeirrar sveiflu sem getur verið á milli mánaða en á landsbyggð er fjöldi tilkynninga í júlí hærri en áður hefur borist í einum mánuði á samanburðartímabilinu.




### Lögregla

Í júní 2020 barst alls 481 tilkynning til barnaverndarnefnda frá lögreglu en í júlí 2020 bárust 302 tilkynningar. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 511 tilkynningar og minnst 301 tilkynning á einum mánuði frá lögreglu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 395.

Fjöldi tilkynninga í júní 2020 er því nokkuð yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða. Í júlí er fjöldi tilkynninga frá lögreglu undir meðaltali og nálægt lægsta gildi á samanburðartímabilinu.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð í júní 2020 má sjá að í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu eru tilkynningar frá lögreglu yfir meðaltali miðað við samanburðartímabil en á landsbyggð undir meðaltali. Á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð er fjöldi tilkynninga innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða en í Reykjavík hafa ekki borist fleiri tilkynningar í einum mánuði ef borið er saman við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020. Hins vegar bárust fleiri tilkynningar í apríl 2020 eða 247 tilkynningar. Í júlí er fjöldi tilkynninga allsstaðar undir meðaltali en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.

## Lögregla tilkynnir




### Heilbrigðisstofnun

Í júní 2020 bárust alls 120 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá heilbrigðisstofnunum og í júlí barst 121 tilkynning. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 128 tilkynningar og minnst 78 tilkynningar á einum mánuði heilbrigðisstofnun og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 96.

Fjöldi tilkynninga í júní og júlí 2020 er því yfir meðaltali miðað við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020, en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð í júní 2020 má sjá að fjöldi tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum eru undir meðaltali í Reykjavík, en yfir meðaltali á höfuðborgarsvæði og á landsbyggð. Í Reykjavík og á landsbyggð eru tölur innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða en á höfuðborgarsvæðinu hafa ekki áður borist jafn margar tilkynningar í einum mánuði á samanburðartímabilinu. Í júlí er fjöldi tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum yfir meðaltali miðað við samanburðartímabilið í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu en undir meðaltali á landsbyggð. Fjöldinn í júlí er alls staðar innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.

## Heilbrigðisstofnun tilkynnir




### Aðrir

Í júní 2020 bárust alls 124 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá öðrum aðilum og í júlí bárust 130 tilkynningar. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 118 tilkynningar og minnst 54 tilkynningar á einum mánuði frá öðrum aðilum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 84.

Fjöldi tilkynninga í júní og júlí 2020 frá öðrum aðilum er því yfir meðaltali samanborið við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020 og ekki hafa áður borist jafn margar tilkynningar í einum mánuði samanborið við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020. Hins vegar bárust fleiri tilkynningar í maí 2020 eða 141.

Fjöldi tilkynninga í júní og júlí í Reykjavík, á höfuðborgarsvæði og á landsbyggð eru yfir meðaltali miðað við samanburðartímabil. Tilkynningar í júní og júlí á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð eru innan eðlilegrar sveiflu sem getur verið milli mánaða og það sama á við um tilkynningar í Reykjavík í júní. Tilkynningar í Reykjavík í júlí eru hinsvegar fleiri en þær hafa verið í einum mánuði á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 og jafn margar og í mars og maí 2020.



### Önnur barnaverndarnefnd og félagsþjónusta

Tilkynningar frá annarri barnaverndarnefnd voru 26 í júní 2020 og 16 í júlí 2020. Fjöldi tilkynninga er yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020, en eru innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða. Ekki er að sjá að markverðar breytingar verði á fjölda tilkynninga sem berast frá félagsþjónustu, fjöldi tilkynninga var 22 í júní og sami fjöldi í júlí 2020 sem er undir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.

### Efni tilkynninga


#### Ofbeldi

Í júní og júlí 2020 fækkaði tilkynningum varðandi ofbeldi ef miðað er við mánuðina á undan. Alls barst 341 tilkynning til barnaverndarnefnda varðandi ofbeldi gegn börnum í júní 2020 og 231 tilkynning í júlí 2020. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 292 tilkynningar og minnst 206 tilkynningar á einum mánuði um ofbeldi og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 254.

Fjöldi tilkynninga í júní 2020 er því yfir meðaltali miðað við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020 en undir meðaltali í júlí 2020. Fjöldi tilkynninga í júní eru fleiri en áður hafa borist í einum mánuði ef borið er saman við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020. Fjöldi tilkynninga um ofbeldi var einnig yfir meðaltali miðað við samanburðartímabil í mars, apríl og maí 2020 og flestar voru tilkynningarnar í maí eða 373. Fjöldi tilkynninga í júlí er innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða á samanburðartímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að fjöldi tilkynninga er í júní alls staðar yfir meðaltali miðað við samanburðartímabil en á hverju svæði innan þeirrar sveiflusem getur verið milli mánaða. Í júlí eru tölur yfir meðaltali í Reykjavík. Í júlí er fjöldi tilkynninga innan þeirrar sveiflu sem getur

verið í eintökum mánuðum í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggð bárust í júlí færri tilkynningar en lægsta gildi á samanburðartímabili.



Í júní og júlí 2020 fækkaði tilkynningum um líkamlegt ofbeldi úr 82 tilkynningum í maí í 66 tilkynningar í júní og 42 tilkynningar í júlí 2020. Tilkynningar voru 92 í mars 2020. Tilkynningar í júní voru yfir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en undir meðaltali í júlí en báða mánuðina voru tilkynningar innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða. Tölur fyrir Reykjavík, á höfuðborgarsvæði og á landsbyggð í júní og júlí voru innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Tölur varðandi tilfinningalegt og sálrænt ofbeldi í júní voru yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en undir meðaltali í júlí 2020. Fjöldi tilkynninga í júní var 244 tilkynningar en 140 í júlí. Tölur í júní eru hærri en hæsta gildi á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020, en á því tímabili bárust flestar 215 tilkynningar í einum mánuði. Hins vegar fækkaði tilkynningum frá því í maí en þá voru þær 252. Í júlí er fjöldi tilkynninga innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða. Tilkynningar í júní eru yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 í Reykjavík, höfuðborgarsvæði og á landsbyggð og eru tilkynningar í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu innan þeirrar sveiflu sem getur verið á samanburðartímabilinu en ekki hafa borist fleiri tilkynningar um tilfinningalegt og sálrænt ofbeldi á landsbyggð í einum mánuði samanborið við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020. Hins vegar bárust fleiri tilkynningar í maí 2020 eða 98 tilkynningar. Í júlí er fjöldi tilkynninga alls staðar undir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Tilkynningar varðandi heimilisofbeldi voru 130 í júní og 69 í júlí 2020. Fjöldi tilkynninga í júní er hærri en áður hefur borist í einum mánuði, en voru í apríl 2020 nánast jafnmargar, eða 129. Þeim fækkar hins vegar í júlí og eru undir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða. Tilkynningar voru yfir

meðaltali á öllum svæðum í júní 2020 og á höfuðborgarsvæðinu hafa ekki borist fleiri tilkynningar í einum mánuði. Á landsbyggðinni voru tilkynningar í júní einnig fleiri en áður hafa borist í einum mánuði á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020. Hins vegar bárust á landsbyggðinni fleiri tilkynningar í maí 2020 eða 48 tilkynningar. Í júlí var fjöldi tilkynninga í Reykjavík yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð undir meðaltali. Allar tölur voru innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Tilkynningum varðandi *kynferðislegt ofbeldi* fjölgaði í júní og júlí 2020 miðað við mánuðinn á undan þegar þær voru 47. Tilkynningar í júní 2020 voru 49 og í júlí voru tilkynningar 54 og er það yfir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020. Tilkynningar í júní eru innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða en fjöldi tilkynninga í júlí er jafn hár og hæsta gildi á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020. Fjöldi tilkynninga í Reykjavík, á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð var yfir meðaltali bæði í júní og júlí en tölurnar eru innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.


Tilkynningar um ofbeldi voru yfir meðaltali tilkynninga tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 fjóra mánuði í röð, en fækkaði í júlí 2020. Eru þessar tölur sérstakt áhyggjuefni og mikilvægt er að fylgjast með því á næstu vikum og mánuðum hver þróunin verður.

### *Vanræksla*

Tilkynningum um vanrækslu fækkar í júní og júlí 2020 miðað við mánuðina á undan. Tilkynningar í maí 2020 voru 551 og höfðu ekki áður borist jafn margar tilkynningar í einum mánuði á því tímabili sem samanburðurinn tekur til. Í júní bárust alls 440 tilkynningar til barnaverndarnefnda og í júlí barst 421 tilkynning varðandi vanrækslu. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 507 tilkynningar og minnst 307 tilkynningar á einum mánuði um vanrækslu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 401. Tilkynningar í júní og júlí 2020 eru þannig yfir meðaltali miðað við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020 en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar vegna vanrækslu í júní eru yfir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 á höfuðborgarsvæðinu en rétt undir meðaltali í Reykjavík og á landsbyggð. Allar tölur eru innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða. Í júlí er fjöldi tilkynninga í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu undir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða. Á landsbyggð er fjöldi tilkynninga yfir meðaltali og ekki hafa áður borist fleiri tilkynningar í einum mánuði ef borið er saman við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020. Hins vegar bárust á landsbyggðfleiri tilkynningar í maí 2020 eða 188 tilkynningar.

## Vanræksla heildarfjöldi



Tilkynningum þar sem vanræksla er varðandi *umsjón og eftirlit barna fækkar* í júní og júlí miðað við apríl og maí, en voru yfir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 og innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða. Fjöldi tilkynninga í júní var 385 og í júlí 394 tilkynningar. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 434 tilkynningar í einum mánuði og minnst 269 tilkynningar. Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tölu eru innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða nema í júlí á landsbyggð þá bárust fleiri tilkynningar en áður hafa borist í einum mánuði á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020.

Tilkynningum um *foreldra í neyslu* fjölga áfram, þær voru alls 175 í júní og 205 í júlí 2020. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 höfðu mest borist 180 tilkynningar í einum mánuði, en í maí s.l. voru tilkynningar um neyslu foreldra 196. Í Reykjavík og á landsbyggð hafa ekki áður borist jafn margar tilkynningar og í júlí um foreldra í neyslu í einum mánuði ef miðað við samanburðartímabilið.

Tilkynningar varðandi *líkamlega vanrækslu* voru í júní og júlí 19 í hvorum mánuði og fjölgaði miðað við maímánuð 2020. eru þær í hvorum mánuði jafnmargar og bárust að meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020. Allar tölur eru innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Tilkynningar varðandi *tilfinningalega vanrækslu* voru 25 í júní og 47 í júlí 2020. Fjöldi tilkynninga er undir meðaltali í júní en yfir meðaltali í júlí samanborið við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020. Fjöldi tilkynninga í júní og júlí eru innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða. Í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu var fjöldi tilkynninga í júlí 2020 undir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020, en ekki hafa áður borist jafn margar tilkynningar í einum mánuði á landsbyggð.

Tilkynningar er varða *vanrækslu varðandi nám* fækkar, voru 14 í júní og 3 í júlí 2020. Fjöldi tilkynninga var 35 í maí 2020. Fjöldi tilkynninga eru undir meðaltali en á tímabilinu janúar



2019 – febrúar 2020 bárust mest 34 tilkynningar í einum mánuði varðandi vanrækslu varðandi nám. Fjöldi tilkynninga í júní og júlí 2020 eru innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða í Reykjavík, á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð. Vert er að hafa í huga að gera má ráð fyrir að slíkum tilkynningum fækki mjög þá mánuði sem skólar eru ekki starfandi.

Tilkynningar um vanrækslu hafa verið yfir meðaltali fimm mánuði í röð. Eru þessar tölur sérstakt áhyggjuefni og mikilvægt er að fylgjast með því á næstu vikum og mánuðum hver þróunin verður.


### *Áhættuhegðun barns*

Í júní og júlí 2020 fækkar tilkynningum um áhættuhegðun barns. Í júní voru tilkynningar 292 og í júlí 230. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 380 tilkynningar og minnst 193 tilkynningar í einum mánuði um áhættuhegðun barns og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 293. Eru tilkynningar um áhættuhegðun barns þannig undir meðaltali miðað við samanburðartímabil í bæði júní og júlí en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að í júní 2020 er fjöldi tilkynninga í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu yfir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en á landsbyggð undir meðaltali. Allar tölur eru innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Í júlí fækkar tilkynningum í Reykjavík og hafa ekki verið færri í einum mánuði miðað við samanburðartímabil. Á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð er fjöldi tilkynninga undir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Heilt yfir hefur tilkynningum varðandi áhættuhegðun barns þannig fækkað á undanförunum mánuðum. Mikilvægt er að fylgjast með því á næstu vikum og mánuðum hver þróunin verður að þessu leyti.



### Ófætt barn

Í júní 2020 bárust alls 15 tilkynningar til barnaverndarnefnda varðandi áhyggjur af ófæddu barni og í júlí voru tilkynningarnar 20. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 12 tilkynningar og minnst 3 tilkynningar á einum mánuði vegna ófæddra barna og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 7. Fjöldi tilkynninga í maí og júní 2020 eru því fleiri en þegar flestar tilkynningar bárust á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningum varðandi ófædd börn fjölgar fyrst og fremst í Reykjavík en ekki hafa áður borist jafn margar tilkynningar í einum mánuði á samanburðartímabilinu og í júlí 2020.

## Tilkynningar vegna ófæddra barna

